

Fundur í fagráði nautgriparæktar 28. febrúar 2020

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 28. febrúar 2020 og hófst kl. 10.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Gunnar Kr. Eiríksson, Andri Már Sigurðsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Hafþór Finnbogason, Margrét Gísladóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson mætti ekki.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Niðurstöður kynbótamats í febrúar 2020
3. Besta naut árgangsins 2013
4. Niðurstöður skýrsluhaldsins 2019
5. Kálfadauði
6. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar. Fundargerð síðasta fundar, dags. 14. október 2019, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Niðurstöður kynbótamats í febrúar 2020.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður kynbótamats sem keyrt var núna um mánaðamótin febrúar.

Guðmundur fór yfir stöðu reyndu nautanna sem halda sinni stöðu að langmestu leyti. Eftir er að taka afstöðu til afkvæmadóms eins nauts úr 2014 árgangi og fyrstu naut úr 2015 árgangi eru komin með nægan dætrafjölda.

Ákveðið að taka Vals 14087, Kæti 15004, Bjarka 15011, Risa 15014, Golíat 15018 og Jólni 15022 í notkun sem reynd naut. Svanur 14068 verður tekinn úr dreifingu sem reynt en notkun á honum hefur verið lítil.

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verði; Pipar 12007, Jörfi 13011, Hálfmáni 13022, Kláus 14031 og Ýmir 13051 sem takmarkist við pörun á móti verðefnaháum nautsmæðrum.

3. Besta naut árgangsins 2013.

Jörfi 13011 valinn besta naut 2103 árgangsins en hann stendur efstur í heildareinkunn í árgangnum með 112 og efstur allra nauta fyrir júgurgerð. Guðmundur tók ekki þátt í vali nautsins enda málið honum skylt.

4. Niðurstöður skýrsluhaldsins 2019.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður skýrsluhaldsins 2019. Meðalafurðir voru þær mestu frá upphafi vega eða 6.334 kg/árskú, afurðahæsta búíð var Hurðarbak í Flóa með 8.678 kg/árskú og

nythæsta kýrin var Svana 753 í Flatey í Hornafirði en hún mjólkaði 14.345 kg á árinu. Árskúm fækkaði heldur og 13 bú hættu framleiðslu á árinu.

5. Kálfadauði.

Rætt um mikinn kálfadauða og hverjar ástæður gætu verið fyrir honum. Menn á því að skynsamlegt gæti verið að hrinda af stað verkefni þar sem reynt verður greina helstu ástæður, t.d. hvort kálfadauði geti tengst bústjórnarpáttum eins notkun heimanauta, aldri mæðra við burð og öðrum þess háttar atriðum.

6. Önnur mál.

Farið lauslega yfir verkefnalista fagráðs og Gunnfríði og Guðmundi falið að uppfæra hann í samstarfi/samráði við starfsmenn RML og Lbhí eftir því sem við á.

Komið hefur beiðni frá Matís um að fá greiddan út styrk vegna verkefnis frá 2014 (Kaupvilji nautakjöts) sem ekki hefur verið lokið. Um er að ræða verkefni sem var meistaraverkefni nemenda við Lbhí í samstarfi við allmarga aðila þ.m.t. Matís. Fagråd tók þetta sama mál fyrir á fundi sínum þann 3. október 2018 og þá var eftirfarandi bókað um málið:

Í 10. grein verklagsreglna fagráðs í nautgriparækt segir: „*Eftirstöðvar, 40%, greiðast þegar styrkhafi hefur lokið verkefninu, skilað lokaskýrslu og hún hlotið samþykki fagráðs*“. Þar sem til þessa verkefnis var stofnað sem meistaraverkefni og því veittur styrkur á þeirri forsendu getur fagråd ekki fallist á að um fullnægjandi skil sé að ræða. Með hliðsjón af framgangi verkefnisins og því að skil hafa dregist langt umfram tilgreind lok verkefni í umsókn telur fagråd jafnframt eðlilegt að styrkþega verði gefinn að hámarki 6 mánaða frestur til fullnægjandi skila en að öðrum kosti falli styrkur niður í samræmi við 15. grein verklagsreglna fagráðs en þar segir: „*Einnig er heimilt að fella niður styrkveitingu takist umsækjanda ekki að vinna verkefnið í samræmi við umsókn eða skili ekki lokaskýrslu innan sex (6) mánaða frá því að verkefni lauk*.“ Fagråd telur að með þessu hafi styrkþega verið veitt verulegt svigrúm og jafnvel umfram það sem eðlilegast væri.

Nú liggur fyrir að lokaritgerð hefur enn ekki verið skilað en krafa um greiðslu styrks engu að síður verið ítrekuð. Fagråd telur að sú bókun sem gerð var 3. október 2018 standi en þar var umsækjanda gefinn kostur á skila lokaskýrslu innan 6 mánaða. Umsækjandi hefur ekki sinnt því og þar með ljóst að forsendur til greiðslu eftirstöðva eru ekki fyrir hendi, erindinu hafnað og styrkloforð fellt niður.

Farið yfir drög að dagskrá fagþings og Guðmundi og Margréti falið að ganga frá henni og kynna.

Gunnfríður fór yfir kostnaðaráætlun vegna sýnatöku vegna áframhaldandi sýnatöku í verkefninu um erfðamengisúrval. Ljóst er að taka 4000 sýna og greining á þeim mun kosta verulega fjármuni en fjármögnun verkefnisins er ekki lokið.

Gunnfríður nefndi að líklega væri þetta hennar síðasti fundur og þakkaði kærlega fyrir samstarfið gegnum árin og óskaði fagráði heilla. Fagráðsmenn tóku undir það með þökkum fyrir gott samstarf.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Andri Már Sigurðsson
(sign.)

Herdís Magna Gunnarsdóttir
(sign.)

Gunnar Kr. Eiríksson
(sign.)

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
(sign.)

Hafþór Finnbogason
(sign.)

Margrét Gísladóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 14. október 2019
2. Helstu niðurstöður kynbótamats í febrúar 2020
3. Helstu niðurstöður skýrsluhaldsins 2019